

## Liðsauki úr bakvarðasveit velferðarþjónustu

Skráning í bakvarðasveit fer þannig fram að fólk skráir sig rafrænt, sjá skráningarform [hér](#). Á skráningarforminu er meðal annars spurt um menntun, starfsreynslu í velferðarþjónustu, hvaða málaflokkum fólk geti helst sinnt, hugsanlegt starfshlutfall og á hvaða landssvæði það geti unnið.

Þegar sveitarfélag/félagsþjónustusvæði óskar eftir liðsauka úr bakvarðasveit, sendir það tölvupóst á Sambandið [maria@samband.is](mailto:maria@samband.is) og tilgreinir hvers konar starfsfólki það er að leita eftir, til dæmis: Ófaglærðum starfsmönnum, háskólamenntuðu starfsfólki (ótilgreint), félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, sjúkraliðum, hjúkrunarfræðingum o.s.frv. Einnig þarf að tilgreina í hvernig þjónustu er verið að leita að starfsfólki fyrir s.s. þjónustu við aldraða, þjónustu við fatlað fólk, þjónustu við fötluð börn, þjónustu við börn í vistunarúrræðum sem þurfa sértækan stuðning vegna áhættuhegðunar og/eða glíma við fjölþættan vanda, þjónustu við heimilislaut fólk með miklar og flóknar stuðningsþarfir, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, barnavernd eða annað og þá tilgreint hvað nákvæmlega.

Sveitarfélög /félagsþjónustusvæði sækja einnig um liðsauka úr bakvarðasveit fyrir sjálfseignarstofnanir á þeirra svæði s.s hjúkrunarheimili, heimili fyrir fatlað fólk og fyrir NPA notendur með lögheimili í þeirra sveitarfélagi.

Sambandið sendir lista til viðkomandi sveitarfélags, sem miðar við þann starfshóp sem óskað er eftir. Sveitarfélagið fer yfir listann, hringir í þá sem eru á listanum og kannar hvort viðkomandi myndi henta í starf hjá þeim.

Sveitarfélag sendir síðan listann, sem það hefur unnið eftir, til baka til Sambandsins ásamt skráðum svörum þeirra einstaklinga sem hringt var í og jafnframt skal tilgreint hverjir voru ráðnir.

Það er mikilvægt að þetta sé gert svo við getum látið annað sveitarfélag á sama landsvæði fá nafnalista sem gæti hentað þeirra starfsemi þó svo það hafi ekki hentað fyrir annað sveitarfélag.

Athygli sveitarfélaga er vakin á því að þið eru þau fyrstu sem hafið samband við fólk á nafnalistanum og það sem fólk skráir í skráningarformið þarf ekki alltaf að stemma.

Verið er að vinna að því að fá upplýsingar um sakavottorð með rafrænum hætti hjá sakaskrá þannig að hægt sé að staðfesta að einstaklingar, sem skráðir eru á lista til sveitarfélaga, séu með hreint sakavottorð á grundvelli XXII og XXIII kafla almennra hegningarlaga. Þangað til er mikilvægt að sveitarfélög afli þeirra upplýsinga sjálf.